

FMS 2020-16
ISBN 978-9935-9512-3-6
ISSN 2547-8060



FERÐA
MÁLA
STOFA
ICELANDIC
TOURIST
BOARD 

FERÐAMÁLARANNSÓKNIR

TOURISM RESEARCH IN ICELAND

JÚNÍ 2020

Erlendir ferðamenn á Höfn sumarið 2019

Niðurstöður ferðavenjukönnunar

Þórný Barðadóttir



RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ
FERÐAMÁLA

© Ferðamálastofa 2020

Útgefandi: Ferðamálastofa, Geirsgötu 9, 101 Reykjavík / Hafnarstræti 91, 600 Akureyri
Netfang: upplýsingar@ferdamalastofa.is
Veffang: www.ferdamalastofa.is

Titill: Erlendir ferðamenn á Höfn sumarið 2019 - Niðurstöður ferðavenjukönnunar
Höfundur: Þórný Barðadóttir

Kápa: Porthönnun

Númer: FMS 2020-16
ISBN: 978-9935-9512-3-6
ISSN: 2547-8060

Öll réttindi áskilin. Samantekt þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

FERÐAVENJUKÖNNUN Á HÖFN SUMARIÐ 2019

Sögu verslunar á Höfn í Hornafirði má rekja aftur til 1880 þegar verslunarskip fóru að hafa þar viðkomu, en Höfn varð þó ekki löggiltur kaupstaður fyrr en árið 1988 (Hornafjörður, e.d.). Höfn er jafnframt þjónustumiðstöð fyrir nærliggjandi dreifbýli og er stærsti þéttbýliskjarninn í sveitarfélaginu Hornafirði (Markaðsstofa Suðurlands, e.d.). Á síðustu árum og áratugum hefur ferðaþjónusta orðið æ mikilvægari atvinnugrein á Höfn enda liggur staðurinn við þjóðveg 1. Kannanir hafa sýnt að stór hluti erlendra ferðamanna velur að ferðast á bílaleigubíl og fylgja hringveginum að hluta eða í heild (Rögnvaldur Guðmundsson, 2019). Höfn er í þægilegri akstursfjarlægð frá mörgum vinsælum náttúruperlum. Nægir þar að nefna Jökulsárlón, Skaftafell og Lónsöræfi (Hornafjörður, e.d.). Höfn var eitt þriggja svæða til rannsóknar á samfélagslegum áhrifum ferðaþjónustu árið 2015. Þar sýndu helstu niðurstöður að heimamenn væru almennt velviljaðir í garð ferðamanna en mikill vöxtur greinarinnar væri farin að valda álagi á innviði samfélagsins (Eyrún Jenný Bjarnadóttir, Arnar Þór Jóhannesson og Guðrún Þóra Gunnarsdóttir, 2016). En hvað segja ferðamennirnir sjálfir? Hvers vegna koma þeir, hvernig ferðast þeir og hvað aðhafast þeir í heimsókninni?

Hér á eftir er gerð grein fyrir niðurstöðum ferðavenju- og útgjaldakönnunar sem framkvæmd var meðal erlendra ferðamanna á Höfn sumarið 2019. Uppbygging skýrslunnar er á þann veg að eftir inngangskafli verður gerð grein fyrir aðferðafræði könnunar og úrvinnslu gagna. Því næst verða niðurstöður kynntar. Niðurstöður eru settar þannig fram að fyrst eru sýnd svör um bakgrunn svarenda, þá niðurstöður er varða ferðalagið því næst um ákvarðanir og upplýsingaleit. Næstar eru niðurstöður er varða gistingu og afþreyingu í heimsókn áður en komið er að útgjöldum. Loks eru sýndar niðurstöður sem varða ánægjustig og líkindi meðmæla með staðnum auk greiningar á opnum ummælum ferðamanna um heimsókn þeirra til Hafnar.

Að loknum niðurstöðukafla er samantekt á niðurstöðum könnunar á Höfn og umræður um þær. Þá er komið að stuttri samantekt þar sem bornar eru saman helstu niðurstöður könnunarinnar á þeim fjórum stöðum sem voru til rannsóknar sumarið 2019. Að lokum eru stutt lokaorð. Í viðauka eru birtar krosstöflur sem sýna svör könnunarinnar á Höfn út frá bakgrunnsbreytum og marktekt eftir því sem við á.

Ingvari Þorsteinssyni hjá MMR er þakkað gott samstarf við uppsetningu og forritun spurningalista auk frumúrvinnslu gagna. Helga Einarsdóttir, sérfræðingur hjá RHA fær þakki fyrir villuprófun og hreinsun gagna auk umsjónar með skilum þeirra til Mælaborðs ferðaþjónustunnar. Starfsfólk Vatnajökulsþjóðgarðs fær þakki fyrir greinargóðar upplýsingar um eðli ferðaþjónustu á Höfn og framboð afþreyingar og gistimáta. Síðast en ekki síst fá góðar þakki aðstoðarspyrlar á Höfn, þær Sigrún Inga og Arndís. Sérstakar þakki fá Lilja B. Rögnvaldsdóttir og Valeriya – Lera - Posmitnaya. Lilja fyrir umsjón og framkvæmd greiningar á útgjöldum og ýmsum opnum spurningum auk ómetanlegrar aðstoðar við fjölmarga þætti könnunar, úrvinnslu og skýrslugerðar. Lera fyrir að stýra og framkvæma gagnaöflun á öllum könnunarstöðum sumarsins 2019 af sinni einstöku elju, samviskusemi og dugnaði.



Mynd 1. Ferðamanna beðið. Spyrill RMF tilbúinn með spjaldtölvuna á Höfn í Hornafirði sumarið 2019
© Valeriya Posmitnaya

EFNISYFIRLIT

Ferðavenjukönnun á Höfn sumarið 2019	3
Myndaskrá	4
Inngangur	5
Aðferð	6
Niðurstöður	7
Kyn	7
Aldur	7
Búsetuland	8
Ferðamáti	9
Ferðafélagar	9
Tilgangur ferðalags	10
Tímasetning ákvörðunar um heimsókn	10
Helsta ástæða heimsóknar	11
Upplýsingaleit	12
Dvalarlengd	12
Gisting	13
Ástæða þess að ekki var gist á Höfn	13
Gistimáti	14
Gisting fyrir og eftir heimsókn	15
Afpreying	16
Útgjöld	17
Hápunktur heimsóknar	18
Meðmælaskor	19
Ánægja	20
Opnar athugasemdir	20
Umræður	21
Samanburður rannsóknasvæða 2019	23
Lokaorð	24
Heimildir	25
Viðaukar	27

MYNDASKRÁ

Mynd 1. Ferðamanna beðið. Spyrrill RMF tilbúinn með spjaldtölvuna á Höfn í Hornafirði sumarið 2019	3
Mynd 2. Staðsetning ferðavenjukannana 2013-2019 og ártöl fyrirlagna	5
Mynd 3. Kynjahlutfall erlendra ferðamanna á Höfn 2019	7
Mynd 4. Aldur erlendra ferðamanna á Höfn 2019	7
Mynd 5. Búsetuland ferðamanna á Höfn sumarið 2019 samanborið við könnun 2015 og tölur á landsvísu	8
Mynd 6. Ferðamáti erlendra ferðamanna á Höfn sumarið 2019, samanborið við könnun 2015	9
Mynd 7. Ferðafélagar erlendra ferðamanna á Höfn 2019, samanborið við könnun 2015	9
Mynd 8. Tilgangur heimsóknar erlendra ferðamanna til Hafnar sumar 2019, samanborið við 2015 og á landsvísu	10
Mynd 9. Tímasetning ákvörðunar erlendra ferðamanna um að heimsækja Höfn sumar 2019, samanborið við 2015	10
Mynd 10. Helsta ástæða heimsóknar erlendra ferðamanna til Hafnar 2019 - orðaský	11
Mynd 11. Helsta ástæða heimsóknar erlendra ferðamanna til Hafnar 2019, samanborið við 2015	11
Mynd 12. Upplýsingaleit erlendra ferðamanna mun Höfn 2019, samanborið við 2015	12
Mynd 13. Dvalarlengd erlendra ferðamanna á Höfn 2019, samanborið við 2015	12
Mynd 14. Gistihlutfall erlendra ferðamanna á Höfn sumarið 2019, samanborið við 2015	13
Mynd 15. Helsta ástæða þess að erlendir ferðamenn gistu ekki á Höfn sumarið 2019	13
Mynd 16. Gistimáti ferðamanna á Höfn sumarið 2019, samanborið við 2015	14
Mynd 17. Gisting erlendra ferðamanna nóttina fyrir og eftir heimsókn til Hafnar 2019	15
Mynd 18. Afþreying erlendra ferðamanna á Höfn 2019, samanborið við 2015	16
Mynd 19. Sólarhringsútgjöld erlendra ferðamanna á Höfn 2019, samanborið við 2015	17
Mynd 20. Hápunktur heimsóknar erlendra ferðamanna til Hafnar 2019 - orðaský	18
Mynd 21. Hápunktur heimsóknar erlendra ferðamanna til Hafnar 2019	18
Mynd 22. Meðmælaskor erlendra ferðamanna á Höfn 2019	19
Mynd 23. Helsta ástæða þess að erlendir ferðamenn á Höfn 2019 geta mælt með staðnum	19
Mynd 24. Ábendingar erlendra ferðamanna á Höfn 2019 um það sem bæta þarf til þess að mælt verði með staðnum	19
Mynd 25. Ánægja erlendra ferðamanna á Höfn 2019, samanborið við 2015	20
Mynd 26. Opnar athugasemdir erlendra ferðamanna um heimsókn til Hafnar 2019	20
Mynd 27. Nokkur ummæli erlendra ferðamanna um heimsókn til Hafnar sumarið 2019	22

INNGANGUR

Ferðapjónusta heimsins þarf að takast á við mikið uppbyggingarstarf í kjölfar Covid-19 heimsfaraldursins. Ferðamálaráð Sameinuðu þjóðanna (WTO) kallar eftir nýrri hugsun þar sem þanþol jafnt áfangastaða sem gesta verði leiðarljós við endurskipulagningu ferðapjónustunnar. Ennfremur leggur ráðið áherslu á að víðtæk samvinna, þekking og áreiðanleg gögn verði lögð til grundvallar við uppbyggingarstarfið (SP-WTO, e.d.). Svæðisbundnar kannanir um ferðavenjur erlendra ferðamanna hér á landi eru gott dæmi um áreiðanlega upplýsingaöflun af því tagi sem WTO kallar eftir.

Samantekt þessi sýnir niðurstöður ferðavenju- og útgjaldakönnunar sem framkvæmd var meðal erlendra ferðamanna á Höfn í Hornafirði sumarið 2019. Ferðavenjukönnunin er hluti af umfangsmiklu verkefni sem tilheyrir reglulegri gagnasöfnun hins opinbera á ýmsum þáttum ferðapjónustu og ferðamennsku á Íslandi. Könnunin var unnin af Rannsóknamiðstöð ferðamála fyrir Ferðamálastofu.

Staðbundin ferðavenjukönnun var framkvæmd í Þingeyjarsýslum árið 2013 (Lilja B. Rögnvaldsdóttir, 2014) og frá árinu 2015 hefur könnun verið lögð fyrir erlenda sumarferðamenn á alls 14 stöðum víðsvegar um land (sjá m.a. Lilja B. Rögnvaldsdóttir 2016a; 2016b; 2018a; 2018b; 2018c). Mynd 2 sýnir þessa staði og í sviga má sjá ártal könnunar á hverjum stað. Í upphafi var verkefnið unnið samhliða umfangsmikilli rannsókn sem fjallaði um útfærslu íslenskra ferðapjónustureikninga og aðlögun þeirra að alþjóðlegum stöðlum um hliðarreikninga ferðapjónustunnar (e. *tourism satellite account*) (sjá Cristi Frenç 2013; 2014a; 2014b).

Megintilgangur verkefnisins hefur frá upphafi verið öflun svæðisbundinna gagna um ferðavenjur og neyslu erlendra ferðamanna, enda hafa niðurstöður sýnt að ýmsir þættir eru breytilegir eftir áfangastöðum. Það á meðal annars við um ákvörðun um viðkomu, dvalarlengd og útgjaldamynstur. Á flestum rannsóknarstöðunum hafa kannanirnar verið gerðar oftar en einu sinni og þar með hefur orðið til tímalína gagna sem getur fangað breytta ferðahegðun, neyslu og ánægjustig ferðamanna á viðkomandi stöðum.

Niðurstöður svæðisbundinna ferðavenju- og útgjaldakannana eru því mikilvægt innlegg við ákvarðanatökur stjórnvalda, auk þess að veita atvinnugreininni og viðkomandi áfangastöðum mikilvægar upplýsingar til eigin aðgerða, ákvarðana og markaðssetningar.

Sumarið 2019 var ferðavenjukönnun framkvæmd á fjórum stöðum, Borgarnesi, Akureyri, Mývatnssveit og á Höfn í Hornafirði. Staðirnir eru einkenndir með grænum lit á mynd 2. Á öllum stöðunum hefur könnunin verið framkvæmd áður.



Mynd 2. Staðsetning ferðavenjukannana 2013-2019 og ártöl fyrirhagna. Grænar kassar sýna rannsóknarsvæði sumarsins 2019

AÐFERÐ

Ferðavenjukönnun á Höfn var framkvæmd þannig að spylar komu sér fyrir á fyrirfram afmörkuðum könnunarstöðum og báðu ferðamenn sem um fóru að svara könnuninni. Ferðamenn fengu þá í hendur nettengdar spjaldtölvur sem voru forritaðar spurningalistanum á fjórum tungumálum, ensku, þýsku, frönsku og spænsku. Flestar spurninganna voru lokaðar þar sem svarendur merktu við þann svarmöguleika sem best átti við. Sumar spurninganna gáfu einungis kost á einu svari, til að mynda spurningar um ferðamáta og gistingu, meðan í öðrum var óskað svara við öllum þeim valkostum sem við áttu. Dæmi um það eru spurningar um val á afþreyingu og upplýsingaleit um Höfn. Spurningar um ástæðu heimsóknar, hápunkt ferðar og nánari útlistun varðandi meðmæli voru opnar, auk þess sem svarendur voru í nokkrum lokuðum spurningum beðnir um að tilgreina svör með opnum svarmöguleika. Dæmi um það er tilgreining ástæðu ef ekki var gíst á Höfn.

Til að varast skekkju í niðurstöðum, voru svarmöguleikar afþreyingar valdir í samráði við upplýsingamiðstöðvar á hverjum stað. Til greiningar á útgjaldaspurningu var verðlag á hverjum stað kannað meðal gístistaða, afþreyingarfyrirtækja og annarra þjónustuaðila til að geta betur lagt mat á útlaga (útgjöld sem stungu í stúf) sem skekk gætu niðurstöður og haft áhrif á áreiðanleika könnunarinnar. Til að tryggja sem bestan samanburð milli ára, var spurningum og svarmöguleikum ekki breytt frá því sem var í könnun 2019.

Í fyrri könnunum var unnið út frá því að ná 500 svörum en gjarnan er miðað við að fari þýði í könnun yfir 1.000.000 náist marktækur fjöldi svara með 384 fjölda úrtaki miðað við 95% öryggismörk (Vaske, 2008). Í könnun 2019 var ákveðið að auka fjölda svara í 700 á hverjum stað til að auka svigrúm til tölfræðilegrar úrvinnslu. Við greiningu gagna og samanburð milli bakgrunnsbreyta var samkvæmt hefðum tölfræði miðað við að hver breyta næði 30 svörum (Kar og Ramalingam, 2013). Við útreikning útgjalda var þó samkvæmt verksamningi miðað við 50 svör í hverjum útgjaldaflakki.

Könnunin stóð yfir frá 15. júlí til 26. ágúst 2019. Við fyrirlögn var dögum skipt upp í þrjú tímabil frá kl. 9 að morgni til 21 að kvöldi og leitast við að verja jöfnum tíma í gagnaöflun innan þessara tímabila. Eins var lögð áhersla á að dreifa fyrirlögn sem jafnast yfir vikuna sem og á milli svæða innan bæjarins. Könnunin á Höfn fór að mestu fram á gönguleið við útsýnisstað neðan Júllatúns, í miðbæ frá Upplýsingamiðstöð að tjaldsvæði og eftir Hafnargötu að hafnarsvæði.

Alls voru 778 erlendir ferðamenn beðnir um að svara könnuninni. Af þeim samþykktu 707 þátttöku eða 91%. Unnið var með 694 gild svör. Um var að ræða úrtakskönnun og niðurstöðurnar því upplýsingar sem veitt geta innsýn og vísbendingar þó forðast beri að nota þær til alhæfinga. Í spurningakönnuninni var meðal annars spurt um búsetuland ferðamanna. Til einföldunar á texta er þó gjarnan talað um þjóðerni svarenda, þ.e. Bretar, Þjóðverjar o.s.frv. í stað þess að segja ferðamenn frá Bretlandi, Þýskalandi, o.s.frv. Í útgjaldaspurningu var óskað eftir svörum um sólarhringsútgjöld á Höfn. Spurt var um upphæðir greiddar fyrir kaup á þjónustu, neysluvörum og öðrum vörum til eigin nota eða gjafa. Við framsetningu spurninga og úrvinnslu gagna var stuðst við reglur þjóðhagsreikninga um einkaneyslu. Útgjöld eru reiknuð á alla svarendur útgjaldaspurningar hvort sem peningaleg greiðsla á sér stað um leið eða ekki (SP-DESA 2010a; 2010b). Til gagnavinnslu var notast við Excel töflureikni og tölfræðiforritið SPSS. Við útreikninga á útgjöldum í erlendum gjaldmiðlum voru upphæðir umreiknaðar í íslenskar krónur á miðgengi Seðlabanka Íslands þann 15. júlí 2019. Við samanburð á útgjöldum frá fyrri könnun eru útgjöld sýnd á verðlagi hvors árs. Hreinsuðum gögnum og niðurstöðum útgjalda greiningar var samkvæmt verksamningi skilað inn til Mælaborðs ferðaþjónustunnar.

Hér á eftir er gerð grein fyrir niðurstöðum ferðavenjukönnunar meðal erlendra ferðamanna á Höfn í Hornafirði sumarið 2019. Niðurstöðurnar eru sýndar í samanburði við niðurstöður fyrri könnunar á Höfn sem framkvæmd var sumarið 2015 (Lilja B. Rögnvaldsdóttir, 2016a). Þá eru niðurstöður jafnframt bornar saman við samanburðarhæf gögn sem til eru á landsvísu.


NIÐURSTÖÐUR

KYN

Spurning: *Hvert er kyn þitt?*

Fjöldi svara: 683. Heildarfjöldi í könnun 694. Svarhlutfall 98%

Árið 2019 svöruðu ívið fleiri konur (55%) en karlar (45%) (mynd 3) spurningakönnuninni á Höfn (viðauki 1) en í könnuninni 2015 var þátttaka kynjanna jöfn. Í könnunum á landsvísu var hlutfall kvenna ögn hærra en karla sumarið 2014 (Ferðamálastofa, 2014)¹ en hlutfall karla lítið eitt hærra en kvenna sumarið 2019 (Ferðamálastofa, e.d.-a).



Mynd 3. Kynjahlutfall erlendra ferðamanna á Höfn 2019


ALDUR

Aldur: *Hvert er fæðingarár þitt?*

Fjöldi svara: 691. Heildarfjöldi í könnun 694. Svarhlutfall 100%

Meðalaldur erlendra ferðamanna á Höfn var rétt tæp 46 ár. Spurningu um aldur var svarað með fæðingarári, niðurstöður umreiknaðar í aldur og skipt í tíu ára aldursflokka. Erlendir ferðamenn á Höfn skiptust nokkuð jafnt í fjóra aldurshópa (viðauki 2). Flestir (22%) voru á aldrinum 55-64 ára, næstir voru aldurshóparnir 25-34 ára og 45-54 ára (21%) og því næst 35-44 ára (19%). Færri voru hins vegar í yngsta (7%) og elsta (11%) aldurshópnum.

Samanburður (mynd 4) sýnir að niðurstöður nú skilja sig nokkuð frá niðurstöðum jafnt fyrri könnunar sem og á landsvísu, þá bæði 2019 (Ferðamálastofa, e.d.-a) og 2014 (Ferðamálastofa, 2014). Skipting milli aldursflokka könnunar nú er jafnari en í samanburðarkönnunum og ferðamenn nokkuð eldri. Það verður enn ljósara þegar niðurstöður eru settar fram samkvæmt flokkum könnunar Ferðamálastofu 2014 þar sem elsti aldursflokkurinn var 55 ára og eldri. Við þá aldursflokkun fellur þriðjungur ferðamanna könnunar nú í elsta aldursflokk (33%) á móti 14% í könnun 2015 og 20% í báðum könnunum Ferðamálastofu (2014; e.d.-a).



Mynd 4. Aldur erlendra ferðamanna á Höfn 2019

¹ Mælaborð ferðaþjónustunnar birtir niðurstöður kannana meðal erlendra ferðamanna frá júní 2017 (Ferðamálastofa, e.d.-a; e.d.-b, e.d.-c). Til samanburðar á niðurstöðum fyrri könnunar á Höfn sumarið 2015 er líkt og gert var þá í niðurstöðuskýrslu, notaðar niðurstöður könnunar sem gerð var fyrir Ferðamálastofu sumarið 2014 (Ferðamálastofa, 2014).


BÚSETULAND

Spurning: *Hvert er búsetuland þitt?*

Fjöldi svara: 691. Heildarfjöldi í könnun 694. Svarhlutfall 100%

Þjóðverjar (21%) voru langfjölmennastir erlendra ferðamanna á Höfn sumarið 2019, því næst Frakkar (14%), Bandaríkjamenn (11%), Ítalir (8%), Svisslendingar (7%) og Spánverjar (6%) (viðauki 3).

Samanburður við fyrri könnun (mynd 5) sýnir umtalsverða hækkun á hlutfalli Þjóðverja á kostnað Frakka og Ítala. Þessar þjóðir eru þó allar hlutfallslega fjölmennari á Höfn en á landinu öllu bæði árið 2019 (Ferðamálastofa, e.d.-b) sem og 2014 (Ferðamálastofa, 2014). Hlutfall Bandaríkjamanna á Höfn lækkaði lítillega milli ára þrátt fyrir mikla fjölgun þeirra á landsvísu og í báðum tilfellum er hlutfall þeirra umtalsvert lægra á Höfn en á landsvísu.



Mynd 5. Búsetuland ferðamanna á Höfn sumarið 2019 samanborið við könnun 2015 og tölur á landsvísu


FERÐAMÁTI

Spurning: *Hvernig ferðaðist þú til Hafnar?*

Fjöldi svara: 694. Heildarfjöldi í könnun 694. Svarhlutfall 100%

Tæplega átta af hverjum tíu höfðu ferðast til Hafnar á bílaleigubíl (76%) (viðauki 4). Hlutfallið var hæst meðal Svisslendinga (90%) og Spánverja (81%) en lægst meðal Þjóðverja (69%) og Frakka (69%). Hlutfall þeirra sem ferðuðust í hópferð var hæst meðal Ítala (24%) og Bandaríkjamanna (17%) en lægst meðal Svisslendinga (4%).

Niðurstöður samanburðar milli ára (mynd 6) sýnir sömu heildarlínur. Bæði árin ferðuðust langflestir til Hafnar á bílaleigubíl. Rútuferðir voru næst vinsælasti kosturinn og er þar átt við bæði hópferð og áætlunarferð. Hlutfallslega fleiri voru í hópferð 2019 en í fyrri könnun meðan fleiri höfðu ferðast með áætlunarferðum árið 2015 en 2019.



Mynd 6. Ferðamáti erlendra ferðamanna á Höfn sumarið 2019, samanborið við könnun 2015

FERÐAFÉLAGAR


Spurning: *Með hverjum ferðast þú?*

Fjöldi svara: 694. Heildarfjöldi í könnun 694. Svarhlutfall 100%

Langflestir voru á ferð með fjölskylda og vinum (86%). Næstflestir voru í hópferð (8%) auk þeirra sem voru einir á ferð (6%) (viðauki 5).

Yngsti (14%) og elsti (10%) aldurshóparnir voru helst einir á ferð en elstu aldurshóparnir tveir voru þeir sem helst völdu hópferðir. Ítalir voru helst einir á ferð (13%) en Þjóðverjar (7%) komu þar næstir. Ítalir (15%) og Þjóðverjar (12%) voru einnig með hæst hlutfall þeirra sem voru í hópferð. Lítið er unnt að rýna nánar í niðurstöður þar sem flokkurinn fjölskylda og vinir er jafn afgerandi og raun ber vitni.

Samanburður milli ára (mynd 7) sýnir næsta samhljóða niðurstöður. Bæði árin hafa fjölskylda og vinir borið höfuð og herðar yfir aðra ferðafélaga meðan fáir sem enginn hefur ferðast til Hafnar með vinnufélögum eða öðrum ótilgreindum ferðafélögum.



Mynd 7. Ferðafélagar erlendra ferðamanna á Höfn 2019, samanborið við könnun 2015


TILGANGUR FERÐALAGS

Spurning: *Hver er helsti tilgangur heimsóknar þinnar til Hafnar?*

Fjöldi svara: 694. Heildarfjöldi í könnun 694. Svarhlutfall 100%

Helsti tilgangur nær allra erlendra ferðamanna á Höfn í Hornafirði sumarið 2019 var frí. Rétt 98 af hundruði svarenda sagði frí vera helstu ástæðu ferðalags. Þar sem svo líttill breytileiki var í svörum veitist ekki svigrúm til nánari greiningar á niðurstöðum út frá bakgrunnsbreytum (viðauki 6).

Það sama á raunar við um samanburð við fyrri könnun á Höfn (mynd 8) sem og samanburð við niðurstöður á landsvísu (Ferðamálastofa, 2014; e.d.-c). Frí var í öllum tilfellum langveigamesta ástæða heimsóknar erlendra ferðamanna til Hafnar sem og til Íslands.



Mynd 8. Tilgangur heimsóknar erlendra ferðamanna til Hafnar sumar 2019, samanborið við 2015 og á landsvísu


TÍMASETNING ÁKVÖRÐUNAR UM HEIMSÓKN

Spurning: *Hvenær tókst þú ákvörðun um að heimsækja Höfn?*

Fjöldi svara: 686. Heildarfjöldi í könnun 694. Svarhlutfall 99%

Flestir (68%) höfðu tekið ákvörðun um heimsókn til Hafnar áður en Íslandsferð hófst en fjórðungur sagði heimsóknina skyndiákvörðun eða staðinn vera í ferðaleið (viðauki 7). Hlutfall þeirra sem höfðu ákveðið að heimsækja Höfn fyrir Íslandskomu var hæst (78%) meðal elsta aldurshópsins og svarenda 45-54 ára en lægst í yngsta aldurshópnum (40%). Skyndiákvörðun eða ferðaleið var hæst meðal yngsta aldurshópsins (38%) en lægst (15%) í aldurshópnum 45-54 ára meðan yngsti aldurshópurinn hafði helst ákveðið heimsókn eftir að til Íslands var komið (22%) sem átti síst við um elsta aldurshópinn (4%). Ítalir (83%) höfðu helst ákveðið að heimsækja Höfn áður en til Íslands var komið en Frakkar (58%) síst meðan Frakkar (32%) og Þjóðverjar (29%) sögðu helst að heimsóknin væri skyndiákvörðun eða staðurinn í ferðaleið meðan Ítalir svöruðu því síst (8%).

Samanburður við fyrri könnun (mynd 9) sýnir að þá höfðu mun færri ákveðið heimsókn til Hafnar áður en Íslandsferð hófst en fleiri verið á staðnum vegna skyndiákvörðunar eða vegna þess að staðurinn var í ferðaleið.




Mynd 9. Tímasetning ákvörðunar erlendra ferðamanna um að heimsækja Höfn sumar 2019, samanborið við 2015

HELSTA ÁSTÆÐA HEIMSÓKNAR

Spurning (opin): *Vinsamlega tilgreindu hvers vegna þú valdir að heimsækja Höfn*
Fjöldi svara: 462. Fjöldi svarenda: 379. Heildarfjöldi í könnun 694. Svarhlutfall 55%

Rúmur helmingur ferðamanna (54%) sagði meginástæðu heimsóknarinnar vera staðsetningu bæjarins eða að þeir væru í lengri ferð um landið og heimsóknin væri hluti af henni (mynd 10). Þá sagði einn af hverjum tíu að fegurð staðarins, náttúra svæðisins eða landslagið hefði verið ástæða heimsóknarinnar og svipaður fjöldi nefndi sérstaklega jökla, lón, þjóðgarðinn eða Demantsströndina. Einnig var nokkur áhersla á gististað og veitingar auk þess sem humar og sjávarfang af svæðinu var nefnt sérstaklega. Aðrar ástæður voru meðmæli frá vinum, í ferðahandbók eða hjá leiðsögumanni og verslun, þá sérstaklega kaup á matvöru. Auk þess nefndu nokkrir höfnina, upplýsingar, afþreyingu, gönguferð og söfn. Bandaríkjamenn nefndu öðrum fremur veitingar og mat sem helstu ástæðu heimsóknar. Frakkar nefndu helst meðmæli en Þjóðverjar gistingu. Spurningin var opin og nokkrir nefndu fleiri en eitt atriði. Svörin voru því fleiri en svarendur.

Litlar breytingar komu fram milli kannana (mynd 11) og staðfestir könnunin nú mikilvægi staðsetningar Hafnar, annars vegar í nágrenni vinsælla áningarstaða og hins vegar nálægð við hringveginn. Þetta tvennt eru langveigamestu ástæður þess að ferðamenn hafa viðkomu á Höfn.



Mynd 11. Helsta ástæða heimsóknar erlendra ferðamanna til Hafnar 2019, samanborið við 2015



Mynd 10. Helsta ástæða heimsóknar erlendra ferðamanna til Hafnar 2019 - orðaský

UPPLÝSINGALEIT

Spurning: *Hvað af eftirtöldu nýttir þú til að leita upplýsinga um Höfn?*

Fjöldi svara: 684. Heildarfjöldi í könnun 694. Svarhlutfall 99%

Réttur helmingur ferðamanna á Höfn hafði leitað upplýsinga um staðinn á vefsíðum (50%) og eilítið færri höfðu leitað í ferðabókum og -bæklingum (45%). Þá hafði rúmur fjórðungur leitað til ferðaskrifstofa (22%) meðan aðrir leitarmöguleikar hlutu mun lægri svörun (viðauki 8).

Upplýsingaleit var mjög tengd aldri. Það átti sérstaklega við um ferðaskrifstofur þar sem svörun elsta aldurshópsins var mest (58%) en lækkaði í takt við aldur og var lægst (6%) í yngsta aldurshópnum. Leit í ferðabókum og bæklingum var hins vegar mest í yngsta aldurshópnum (54%) en féll með hækkandi aldri og var minnst í elsta aldurshópnum (39%). Það sama átti við um samfélagsmiðla þar sem hlutfall leitar yngsta aldurshópsins var hæst (12%) en þess elsta lægst (1%). Vefleit var hins vegar ekki beintengd aldri heldur var mest í aldurshópnum 25-34 ára (61%) og 45-54 ára (60%) en lægst meðal elsta aldurshópsins (24%). Þegar kom að búsetulöndum höfðu Spánverjar (61%) og Bandaríkjamenn (58%) helst leitað upplýsinga á vefsíðum en Frakkar (27%) síst. Frakkar (60%) höfðu hins vegar frekast leitað upplýsinga í ferðabókum- og bæklingum en Bandaríkjamenn (36%) síst.

Samanburður milli ára (mynd 12) sýnir umtalsverðar breytingar. Mun fleiri leituðu á vefsíðum og í ferðabókum og bæklingum nú en gerðu í fyrri könnun, meðan leit á ferðaskrifstofum nú var innan við þriðjungur á við það sem var í fyrri könnun.


DVALARLENGD

Spurning: *Hversu lengi reiknar þú með að dvelja á Höfn?*


Fjöldi svara: 667. Heildarfjöldi í könnun 694. Svarhlutfall 96%

Meðaldvöl erlendra ferðamanna á Höfn var 13 klukkustundir. Tæplega helmingur ferðamanna dvaldi innan við sex klukkustundir (47%) og ríflega þriðjungur í hálfan til einn sólarhring (34%) (viðauki 9). Frakkar (52%) sýndu hæst hlutfall dvalar innan sex klukkustunda en Svisslendingar lægst (42%) meðan hlutfall Þjóðverja var hæst meðal þeirra sem stöldruðu við í einn til tvo sólarhringa.

Dvalartíminn styttist nokkuð samanborið við fyrri könnun þegar meðaldvalar lengd var 18 klst. Í fyrri könnun höfðu flestir dvalið í hálfan til einn sólarhring samanborið við innan við sex klukkustundir nú og skiptist sú breyting nokkuð jafnt niður á öll lengri stopp en það (mynd 13).



Mynd 12. Upplýsingaleit erlendra ferðamanna mun Höfn 2019, samanborið við 2015



Mynd 13. Dvalarlengd erlendra ferðamanna á Höfn 2019, samanborið við 2015


GISTING

Spurning: *Gistir þú á Höfn síðustu nótt eða mundu gista þar komandi nótt?*

Fjöldi svara: 685. Heildarfjöldi í könnun: 694. Svarhlutfall: 98%

Rétt tæplega helmingur svarenda gisti á Höfn (viðauki 10). Hlutfall gistingar var hæst meðal yngstu svarendanna (64%) en lægst meðal þeirra elstu (42%). Svisslendingar gistu hlutfallslega flestir á Höfn (56%) en lægst var hlutfallið meðal Bandaríkjamanna (44%).

Samanburður við fyrri könnun (mynd 14) sýnir að umtalsvert færri gistu á Höfn sumarið 2019 en sumarið 2017.



Mynd 14. Gistihlutfall erlendra ferðamanna á Höfn sumarið 2019, samanborið við 2015

ÁSTÆÐA ÞESS AÐ EKKI VAR GIST Á HÖFN

Spurning: *Er einhver sérstök ástæða fyrir því að þú valdir að gista ekki á Höfn?*

Fjöldi svara: 80. Fjöldi þeirra sem svaraði spurningu um gistingu neitandi: 348. Svarhlutfall 23%

Af þeim sem ekki gistu á staðnum og svöruðu opinni spurningu um ástæðu þess, sögðu fjórir af hverjum tíu helstu ástæðu þess vera að Höfn væri í ferðaleið þeirra og tæplega tveir af hverjum tíu að tímaskorti væri um að kenna (mynd 15).

Þrjár af hverjum tíu sögðust gista í næsta nágrenni. Ekki tilgreindu allir nánari ástæðu en af þeim sem það gerðu komu þrjár megin ástæður fram. Fyrst var það að gist væri nær Jökulsárlóni, jöklum og Skaftafelli, næst að allt hefði verið uppbókað á Höfn og loks að gisting á Höfn væri of dýr.

Af öðrum ástæðum má nefna að gist væri í rútu, mistök hefðu orðið í bókunum og loks að tjaldsvæði bæjarins hefði ekki uppfyllt lágmarkskröfur.



■ Í ferðaleið ■ Gisting í nágrenni ■ Enginn tími ■ Annað

Mynd 15. Helsta ástæða þess að erlendir ferðamenn gistu ekki á Höfn sumarið 2019


GISTIMÁTI

Spurning: *Hvaða gistimáta nýttir þú /munt þú nýta á Höfn?*

Fjöldi svara: 337. Fjöldi þeirra sem svaraði spurningu um gistingu játandi: 337. Svarhlutfall 100%

Hótel og gistiheimili (52%) var algengasta tegund gistingar sumarferðamanna á Höfn 2019 og þar á eftir tjaldsvæði (27%) (viðauki 11). Hlutfall gistingar á hótélum og gistiheimilum fór hækkandi í takti við hækkandi aldur; var lægst 3% í yngsta aldurshópnum en hæst 53% í þeim elsta. Gisting á tjaldsvæði fylgdi einnig aldri að mestu, þá með öfugri fylgni. Þar var hæsta hlutfallið í yngsta aldurshópnum (63%) en það lægsta þó ekki í elsta aldurshópnum (27%) heldur þeim næstelsta (15%). Hlutfall gistingar á hótélum og gistiheimilum var hæst meðal Bandaríkjamanna (61%) og Þjóðverja (52%) en nokkru lægra meðal Frakka (38%). Frakkar völdu hins vegar gistingu á tjaldsvæði í umtalsvert meira mæli (43%) en bæði Þjóðverjar (29%) og sérstaklega Bandaríkjamenn (9%). Í öllum tilfellum var hlutfall gistingar á tjaldsvæði herra í húsílum en tjöldum.

Fleiri völdu nú að gista á hótélum og gistiheimilum á Höfn heldur en 2015 (mynd 16) og er það í takt við breytingar sem orðið hafa á landsvísu frá árinu 2014 (Ferðamálastofa, 2014; e.d.-d). Þegar kom að gistingu á tjaldsvæðum var þróunin öfug og þeim fækkaði nú sem völdu þann gistimáta á Höfn. Sama breyting var líka á landsvísu. Hlutfall gistingar í einkagistingu, sumarhúsum og í gistingu án endurgjalds var bæði árin nokkuð lægra á Höfn en á landsvísu.



Mynd 16. Gistimáti ferðamanna á Höfn sumarið 2019, samanborið við 2015

GISTING FYRIR OG EFTIR HEIMSÓKN

Spurning: Hvar gistir þú nóttina áður en þú komst til Hafnar?


Fjöldi svara: 681. Heildarfjöldi í könnun: 694. Svarhlutfall 98%

Spurning: Hvar gistir þú nóttina eftir heimsókn til Hafnar?

Fjöldi svara: 636. Heildarfjöldi í könnun: 694. Svarhlutfall 92%

Flestir gistu á Suðurlandi og því næst á Austurlandi næturnar fyrir og eftir heimsókn til Hafnar (viðaukar 12 og 13). Lítið eitt fleiri höfðu gist á Suðurlandi fyrir heimsókn (59%) en eftir (48%) meðan því var öfugt farið með gistingu á Austurlandi þar sem færri höfðu gist nóttina fyrir heimsókn (34%) en eftir (40%).

Mun færri höfðu gist í öðrum landshlutum, þó flestir á Norðurlandi nóttina eftir heimsókn (6%) og nóttina fyrir heimsókn (4%) auk þess sem 4% gistu á höfuðborgarsvæði nóttina eftir heimsókn til Hafnar en innan við 2% fyrir heimsókn (mynd 17). Niðurstöðurnar benda til þess að nokkuð fleiri hafi fylgt hringveginum rangsælis um landið en réttsælis.



Mynd 17. Gisting erlendra ferðamanna nóttina fyrir og eftir heimsókn til Hafnar 2019


AFÞREYING

Spurning: *Vinsamlega merktu við allt sem þú áætlar að upplifa í heimsókninni til Hafnar*

Fjöldi svara: 575. Heildarfjöldi í könnun: 694. Svarhlutfall 83%

Helsta afþreying erlendra gesta á Höfn voru veitingahúsaferðir (49%), ljósmyndun (37%) og gönguferðir (35%) og göngu á jökul (35%) (viðauki 14). Hlutfall þeirra sem fóru á veitingastaði var hæst meðal Bandaríkjamanna (63%) en lægst meðal Spánverja (35%). Elsti aldurshópurinn hafði síst farið á veitingastað (43%) en sá næstelsti helst (52%). Bandaríkjamenn (46%) fóru helst í göngutúr án leiðsagnar en Ítalir og Spánverjar (27%) síst. Hlutfall göngu án leiðsagnar var hæst í elsta og yngsta aldurshópnum (42%) en lægst í þeim næstelsta (31%). Val á afþreyingu var nokkuð misjafnt eftir þjóðerni. Þjóðverjar (16%) og Spánverjar (15%) áttu hæst hlutfall jöklaferða og ísklifurs en enginn Svisslendinga hafði nýtt þá afþreyingu. Spánverjar (12%) og elsti aldurshópurinn (10%) höfðu helst farið í leiðsagða göngu en enginn Frakka eða yngstu svarendanna. Ljósmyndun var vinsæl afþreying meðal Þjóðverja og Ítala (46%), fuglaskoðun var hins vegar vinsælust hjá Svisslendingum.

Mynd 18 sýnir samanburð við niðurstöður fyrri könnunar (miðað var við afþreyingarkosti sem náðu 5% svörum). Mun fleiri fóru nú í gönguferð á jökul og safnferðir en í fyrri könnun en aðeins færri höfðu stundað ljósmyndun og farið í gönguferð án leiðsagnar eða í fuglaskoðun.




Mynd 18. Afþreying erlendra ferðamanna á Höfn 2019, samanborið við 2015

ÚTGJÖLD

Spurning um útgjöld er sett fram í nokkrum liðum, þar sem meðal annars er spurt um fjölda ferðafélaga, gjaldmiðil útgjalda og útgjaldaflokka. Fjöldi þeirra sem veitti svör í útgjaldahluta: 522. Heildarfjöldi í könnun: 694. Svarhlutfall 75%.

Meðalútgjöld erlendra ferðamanna á sólarhring voru 10.603 kr. sem er lægri upphæð en sumarið 2015 þegar meðalútgjöld voru 11.920 kr.² (mynd 19). Útgjaldalækkunin skýrist mest af lækkun í flokkunum gisting og veitingar. Hlutfall þeirra sem gistu (49%) lækkaði umtalsvert frá fyrri könnun (73%). Hins vegar völdu fleiri að gista á hótelum og gistiheimilum nú og því er lækkun í útgjaldaliðnum minni en búast mætti við. Hlutfall ferðamanna sem keypti veitingar meðan á dvöl stóð lækkaði úr 69% í 61% á milli kannanna sem hefur lækkaði áhrif á meðalútgjöld vegna veitinga. Útgjöld vegna verslunar jukust hins vegar á milli kannana, þá aðallega vegna kaupa á matvöru.

Útgjöld Frakka og Bandaríkjamanna voru nokkuð hærrí en Þjóðverja. Bandaríkjamenn greiddu mest fyrir veitingar, Þjóðverjar fyrir gistingu og Frakkar mest fyrir aðra útgjaldaliði. Meðalútgjöld Frakka voru um 11.700 kr., Bandaríkjamanna um 11.600 kr. og Þjóðverja 9.200 kr.



Mynd 19. Sólarhringsútgjöld erlendra ferðamanna á Höfn 2019, samanborið við 2015. Myndin sýnir annars vegar heildarútgjöld og hins vegar hvernig þau skiptast eftir útgjaldaliðum.


² Útgjöldin reiknast á alla svarendur óháð því hvort þeir greiddu fyrir vörur og þjónustu eða ekki. Þau eru á verðlagi hvers árs og útgjöld í erlendra mynt umreiknuð í íslenskar krónur miðað við miðgengi Seðlabanka Íslands 15. júlí ár hvert.

HÁPUNKTUR HEIMSÓKNAR

Spurning: Hver var hápunktur heimsóknar þinnar til Hafnar?

Fjöldi svara: 150. Fjöldi svarenda 135. Heildarfjöldi í könnun 694. Svarhlutfall 19%

Algengast var að ferðamenn tengdu hápunkt heimsóknar við annars vegar fegurð staðar og náttúru (36%) og hins vegar veitingar og mat (myndir 20 og 21). Ferðamenn virtust almennt ánægðir með veitingahús bæjarins og nokkrir nefndu sérstaklega humarinn af svæðinu. Fjórðungur sagði náttúru svæðisins, fegurð, útsýni og landslag vera hápunkt heimsóknarinnar auk þess sem tæpur fjórðungur tilgreindi sérstaklega jökla, lónið og þjóðgarðinn. Náttúrufergurð var því ferðamönnum mjög ofarlega í huga. Þá sögðu átta af hundruði gönguferð hafa verið hápunkt heimsóknar, þá ýmist gönguferð á jökul eða um bæinn og við ströndina. Færri nefndu aðra þætti s.s. höfnina, afþreyingu, verslun og þjónustu, falleg hús, sundlaugin og bátana í höfninni. Of fá svör náðust til að hægt væri að greina þau eftir bakgrunnsbreytum.³



Mynd 21. Hápunktur heimsóknar erlendra ferðamanna til Hafnar 2019



Mynd 20. Hápunktur heimsóknar erlendra ferðamanna til Hafnar 2019 - orðaský

³ Ekki hefur verið spurt um hápunkt heimsóknar áður á Höfn og því er ekki til samanburður á milli ára.

MEÐMÆLASKOR


Spurning: Á kvarða 0-10, hversu líklegt er að þú mælir með Höfn sem áfangastað?

Fjöldi svara: 560. Heildarfjöldi í könnun: 694. Svarhlutfall 81%

Á undanförmum árum hefur í könnunum Ferðamálastofu meðal erlendra ferðamanna verið mælt fyrir svokölluðu meðmælaskori, e. Net Promoter Score – NPS, (Ferðamálastofa, e.d.-e). NPS er þljóðlegur mælikvarði á viðskiptatryggð sem segir meðal annars til um líkindi þess að viðskiptavinir mæli með tiltekinni vöru, þjónustu, fyrirtæki (Reichheld, 2003) eða í þessu tilviki, áfangastað. Við mælingu á NPS eru líkindi meðmæla gefin á 10 punkta kvarða. Svör á bilinu 9-10 teljast til meðmæla, 7-8 hlutlaus og 0-6 ekki til meðmæla. Skorið reiknast með því að draga hlutfall þeirra sem ekki mæla með frá hlutfalli meðmælenda. Það þýðir að NPS skor getur lægst orðið -100 og hæst +100.

Rétt tæplega 45% erlendra ferðamanna sögðu líklegt að þeir myndu mæla með Höfn sem áfangastað en 15,4% töldu það ólíklegt (mynd 22). Meðmælaskor ferðamanna á Höfn mældist því +30 af -/+100. Það er mun lægra en skorið fyrir Ísland allt sem var +78 sumarið 2019 (Ferðamálastofa, e.d.-f) (viðauki 15).

Mikill munur kom fram milli búsetulanda. Bandaríkjamenn voru með langhæst meðmælaskor eða +67 en til samanburðar var skorið +15 hjá Þjóðverjum og +13 hjá Frökkum.




Mynd 22. Meðmælaskor erlendra ferðamanna á Höfn 2019



Það sem fékk ferðamenn helst til að mæla með staðnum var fegurð staðarins og náttúrunnar í kring. Landslag, jöklar og útsýni var meðal þess sem nefnt var sérstaklega. Einnig sögðu allnokkrir að staðurinn væri kyrrlátur, vinalegur og notalegur. Margir voru ánægðir með þjónustuna í bænum, s.s. veitingahús, verslanir og gistingu. Nokkrir nefndu auk þess góðar gönguleiðir og gestrisni heimamanna (mynd 23).

Þeir sem voru ólíklegir til að mæla með staðnum kvörtuðu helst yfir skorti á afþreyingu, gæðum tjaldsvæðis, dýrri gistingu, skorti á sýnileika ferðabjónustuaðila og að bæta þyrfti vegvísu í bænum, auk þess sem bærinn sjálfur væri úr alfaraleið (mynd 24).

Mynd 23. Helsta ástæða þess að erlendir ferðamenn á Höfn 2019 geta mælt með staðnum



Mynd 24. Ábendingar erlendra ferðamanna á Höfn 2019 um það sem bæta þarf til þess að mælt verði með staðnum.


ÁNÆGJA

Spurning: *Hversu ánægð/-ur ertu heilt yfir með heimsókn þína til Hafnar?*

Fjöldi svara: 612. Heildarfjöldi í könnun 694. Svarhlutfall 88%

Erlendir ferðamenn voru heilt yfir ánægðir (52%) eða mjög ánægðir (42%) með heimsóknina til Hafnar (viðauki 16). Fleiri voru mjög ánægðir nú en í könnun 2015 (mynd 25) og færri hlutlausir nú en þá. Hlutfall mjög ánægðra var hæst meðal Bandaríkjamanna (60%) en lægst meðal Svisslendinga (34%).

Við útreikning á ánægjustigi eru teknir saman flokkarnir ánægðir og mjög ánægðir (Ferðamálastofa, e.d.-f). Með því fæst ánægjustig erlendra ferðamanna á Höfn upp á 94% á móti 82% í fyrri könnun. Til samanburðar var ánægjustig erlendra ferðamanna á Íslandi 96% sumarið 2019 (Ferðamálastofa e.d.-f).



Mynd 25. Ánægja erlendra ferðamanna á Höfn 2019, samanborið við 2015


OPNAR ATHUGASEMDIR

Spurning: *Eru einhverjar viðbótarathugasemdir, spurningar eða ábendingar sem þú vilt koma á framfæri varðandi dvöl þína á Höfn?*

Fjöldi svara: 25. Fjöldi svarenda: 21. Heildarfjöldi í könnun: 694. Svarhlutfall: 4%

Sárafáir ferðamenn skráðu opna athugasemd í lok könnunar á Höfn. Þau voru hins vegar nokkuð samróma: Tjaldsvæði staðarins þótti dýrt og ófullnægjandi. Þar komust á lista skortur á betri salernisaðstöðu, skortur á eldunaraðstöðu, að bæta þyrfti yfirborð svæðisins, að verðið væri allt of hátt auk þess sem starfsfólk þyrfti að vera vingjarnlegra og hjálpsamara. Aðrir gistimátar þóttu einnig bæði of fáir og of dýrir. Aðrar úrbætur snerust helst um að bæta þyrfti merkingar í bænum, lengja opnunartíma upplýsingamiðstöðvar auk þess sem þar mætti bjóða upp á meiri afþreyingu svo sem stangveiðiferðir (mynd 26). Ekki var þó eingöngu að finna neikvæðar athugasemdir. Bærinn sjálfur þótti hreinlegur og fallegur og heimamenn fengu hrós fyrir vingjarnleik og minjagripaverslun þótti skemmtileg auk þess sem svæðið var sagt henta fullkomlega fyrir námsferðir og rannsóknir. Önnur atriði höfðu lítið með bæinn sjálfan að gera heldur voru það atriði eins og að leiðin til Hafnar væri of löng, að of fáar bensínstöðvar væru á leiðinni og að bæinn skorti Bónusverslun.

Heilt yfir virðast þó opnar athugasemdir fremur endurspeglar fremur lágt meðmælaskor Hafnar en hátt ánægjustig meðal erlendra ferðamanna.



Mynd 26. Opnar athugasemdir erlendra ferðamanna um heimsókn til Hafnar 2019

UMRÆÐUR

Bakgrunnur sumarferðamanna á Höfn var um sumt aðeins frábrugðinn því niðurstöðum kannana á landsvísu bæði nú (Ferðamálastofa e.d. -a) og í fyrri könnun (Ferðamálastofa, 2014). Þannig svöruðu ívið fleiri konur könnuninni á Höfn, einnig var meira um eldri svarendur. Hlutfall mið-Evrópubúa var umtalsvert hærra á Höfn en á landsvísu en Bandaríkjamenn hins vegar mun færri. Þjóðverjar voru hlutfallslega fleiri en í fyrri könnun, meðan Frakkar voru færri nú. Saman töldu þessar tvær þjóðir ásamt Ítölum, Svisslendingum og Spánverjum hins vegar vel yfir helming allra erlendra ferðamanna á Höfn. Langflestir ferðuðust á bílaleigubílum og hafði hlutfall þess ferðamáta hækkað lítið eitt frá fyrri könnun. Hlutfall ferðamanna á bílaleigubílum var nokkuð hærra (76%) en greinist á landsvísu (60%) (Rögnvaldur Guðmundsson, 2019). Langflestir voru á ferð með fjölskyldu og vinum en annars í hópferð og er hlutfall þess ferðamáta lítið eitt hærra (12%) en gerist á landsvísu (10%) (Rögnvaldur Guðmundsson, 2019).

Í framtíðarsýn íslenskrar ferðaþjónustu (Stjórnarráðið, e.d.) er meðal annars lögð áhersla á að ferðaþjónusta verði heilsárs atvinnugrein og í því sambandi minnt á mikilvægi samgangna. Höfn er staðsett við hringveginn, þjóðveg 1, sem mikill meirihluti erlendra ferðamanna yfir sumartímamann velur að fylgja að hluta og um þriðjungur fer allan hringinn (Rögnvaldur Guðmundsson, 2019). Höfn er auk þess í þægilegri akstursfjarlægð frá mörgum vinsælum viðkomustöðum ferðamanna eins og Jökulsárlóni, Skaftafelli og Lónsöræfum (Hornafjörður, e.d.). Niðurstöður könnunarinnar staðfesta að hringvegurinn og þjónusta í nálægð vinsælla viðkomustaða eru meginástæður heimsóknar erlendra ferðamanna til Hafnar. Rúmur helmingur sagði helstu ástæðu vera staðsetningu bæjarins í ferðaleið og þrjár fjórðu hluti svarenda hafði ákveðið viðkomu á staðnum áður en Íslandsferðin hófst. Heildarleit upplýsinga um Höfn var minni nú en í fyrri könnun. Helstu upplýsingamiðlar voru vefsíður og ferðabækur/-bæklingar í stað ferðaskrifstofa í fyrri könnun. Upplýsingaleit á samfélagsmiðlum var hins vegar sem fyrr sáralítill.


Mikil ánægja ríkti með heimsókn til Hafnar en 94% ferðamanna voru ánægðir eða mjög ánægðir og hafði ánægjustigið hækkað frá fyrri könnun þegar það mældist 82%. Samarið 2019 var ánægjustig erlendra fyrir landið í heild 96% (Ferðamálastofa, e.d.-f).

Í framtíðarsýn íslenskrar ferðaþjónustu er lögð áhersla á að náttúra, menning og afþreying stuðli að einstakri upplifun gesta (Stjórnarráðið, e.d.). Einstök náttúra Suðausturlands var erlendum ferðamönnum ofarlega í huga í opnum athugasemdum um heimsókn sína til Hafnar. Bærinn sjálfur þótti einnig notalegur og heimamenn vingjarnlegir. Flestir nýttu heimsókn sína til veitingakaupa, ýmist á veitingahúsum bæjarins eða til matvörukaupa í verslunum. Veitingar voru þannig það sem fékk hæsta svörun afþreyingarspurningar, auk ljósmyndunar og gönguferða, ýmist um nærumhverfið eða leiðsagðar gönguferðir á jökul. Sund og heimsóknir á söfn var einnig nokkuð vinsæl afþreying en af ummælum ferðamanna mátti þó ráða að nokkuð þótti skorta á afþreyingu í bænum sjálfum. Sérstaklega var bent á veiðiferðir á sjó, því þó bátsferðir væru meðal þess sem erlendir gestir höfðu merkt við sem upplifun á Höfn, má af ummælum ráða að þar hefur í flestum tilfellum verið um að ræða siglingu um Jökulsárlón.

Sjálfbærni er skýrt áhersluatriði í framtíðarsýn íslenskrar ferðaþjónustu og felur hún meðal annars í sér að áhrif atvinnugreinarinnar verði aukin hagsæld á heimsóknarsvæðum (Stjórnarráðið, e.d.). Niðurstöður þessarar könnunar benda til þess að sjálfbærni ferðaþjónustunnar á Höfn sé að einhverju leyti ógnað. Þannig stýttist dvalartíminn á Höfn nokkuð milli kannana. Fjórir af hverjum tíu dvöldu þar innan sex tíma sem rímar vel við að gistihlutfall á staðnum lækkaði úr 73% í fyrri könnun í 49% nú. Helstu ástæður þess að ekki var gist ríma vel við nálægð staðarins við viðkomustaði þar sem lengri ferðaleið og/eða tímaskortur réði mestu. Aðrar ástæður voru tvær. Annars vegar að of lítið gistiframboð væri á staðnum auk þess sem það þótti of dýrt. Hins vegar var það lélegt ástand tjaldsvæðis. Þannig völdu mun færri gistingu á tjaldsvæði nú (27%) en í fyrri könnun (42%). Þeir sem svo höfðu gist á tjaldsvæðinu voru margir ósáttir þar sem ástand og þjónustuframboð tjaldsvæðisins þótti ekki standa undir háu verðlagi.

Hátt verðlag og lítið framboð gistingar auk ástands tjaldsvæðis var svo ennfremur það sem helst þótti koma í veg fyrir að ferðamenn teldu sig geta mælt með Höfn sem áfangastað við vini og vandamenn. Þrátt fyrir að ánægjustig erlendra gesta væri jafn hátt og raun bar vitni, var meðmælaskor Hafnar einungis +30 af +/-100 sem er umtalsvert undir markmiði íslenskrar ferðaþjónustu: +75 af +/-100 (Stjórnarráðið, e.d.). Saman veita þessir tveir mælikvarðar hins vegar mikilvægar upplýsingar. Þeir sýna að lágt meðmælaskor áfangastaðar þarf ekki að þýða að ferðamenn hafi verið óánægðir. Á hinn bóginn þýðir hátt ánægjustig ekki endilega að ferðamenn sjái ástæðu til að mæla með áfangastað.

Af athugasemdum þeirra sem tjáðu sig í opnum spurningum að dæma kemur fram að Höfn sé álitinn notalegur staður til innkaupa og hvíldar á langri ferðaleið enda er Höfn stærsti þjónustukjarninn á svæðinu (Markaðsstofa Suðurlands, e.d.). Athugasemdirnar benda einnig til þess að ferðamönnum finnst skorta afþreyingu á staðnum og frekari ástæðu til að hafa þar lengri viðdvöl (mynd 27). Það virðist því sem áfangastaðurinn Höfn eigi mikið inni þegar kemur að því að nýta betur heimsóknir erlendra ferðamanna sem koma inn á svæðið. Það er mikilvægt í ljósi sjálfbærni atvinnugreinarinnar, hagsældar heimamanna og aukinnar verðmætasköpunar og framleiðni ferðaþjónustunnar.



Mynd 27. Nokkur ummæli erlendra ferðamanna um heimsókn til Hafnar sumarið 2019

SAMANBURÐUR RANNSÓKNASVÆÐA 2019

Óháð heimsóknarsvæði voru erlendir ferðamenn sumarsins 2019 fólk í fríi á ferð með fjölskyldu og vinum og þá helst á bílaleigubíl. Meðalaldur gesta á könnunarstöðunum fjórum var vel sambærilegur eða 42-46 ár og kynjahlutföll á Akureyri og í Mývatnssveit jöfn en konur lítillega fleiri en karlar á Höfn og í Borgarnesi. Hinir erlendu sumarferðamenn á stöðunum fjórum voru almennt ánægðir með heimsókn sína. Þessar niðurstöður voru því mjög sambærilegar milli staðanna fjögurra. Heldur fór hins vegar að draga sundur þegar kom að ákvörðun um heimsókn, upplýsingaleit, meðmælum, gistingu, afþreyingu og útgjöldum.

Í Borgarnesi var hæst hlutfall þeirra sem voru á staðnum vegna ferðaleiðar eða skyndiákvörðunar en lægst hlutfall þeirra sem höfðu ákveðið viðkomu áður en til Íslands var komið. Niðurstöður á Höfn voru nokkuð á sömu leið meðan hlutfall skyndiákvörðunar/ferðaleiðar var umtalsvert lægra á Akureyri og í Mývatnssveit og herra hlutfall hafði því ákveðið heimsókn til þeirra staða fyrir Íslandsferð. Enginn þessara fjögurra staða reyndist hins vegar hafa verið helsta ástæða Íslandsferðar. Þannig sögðu aðeins 4% að Akureyri væri meginástæða Íslandsferðar, 2% sögðu það um Mývatnssveit 2% en einungis 0,6% töldu það eiga við Höfn og Borgarnes.

Dvalartími erlendra ferðamanna var áberandi stytur í Borgarnesi (9,2 klst.) en lengst dvöldu menn á Akureyri (24,6 klst.). Meðalútgjöld erlendra ferðamanna á sólarhring voru tvöfalt hærri á Akureyri (15.816 kr.) og í Mývatnssveit (15.174 kr.) heldur en í Borgarnesi (7.309 kr.) og útgjöld á Höfn (10.603 kr.) voru þar á milli. Þeir þættir sem mestu réðu varðandi útgjöld voru gisting og afþreying. Lægst útgjöld í báðum þessum flokkum voru í Borgarnesi, því næst á Höfn en hæstu útgjöldin fyrir afþreyingu og gistingu voru á Akureyri með Mývatnssveit fast á eftir.

Hlutfall gistingar var hæst á Akureyri, litlu lægra í Mývatnssveit en umtalsvert lægst í Borgarnesi. Hvað varðar gistimáta áttu þó staðirnir fjórir það sameiginlegt að hæst hlutfall gistingar var alls staðar á hótelum og gistiheimilum. Hlutfall einkagistingar, airbnb, var hæst á Akureyri, umtalsvert lægra á Höfn og í Borgarnesi og þar á milli í Mývatnssveit. Gisting á tjaldsvæðum var töluvert meiri á Höfn og í Mývatnssveit en á hinum stöðunum tveimur.

Ánægja með heimsókn reyndist alls staðar mikil, var hæst 99% á Akureyri og lægst 94% á Höfn. Töluverður breytileiki kom hins vegar fram á meðmælaskori. Í Mývatnssveit (+79) og á Akureyri (+78) var skorið vel yfir +75 viðmiðum sem sett voru í framtíðarsýn íslenskrar ferðaþjónustu (Stjórnarráðið, e.d). Meðmælaskorið var nokkuð lægra í Borgarnesi (+62) en umtalsvert lægst á Höfn (+30). Í Borgarnesi og á Höfn var það lítið framboð afþreyingar sem helst kom í veg fyrir meðmæli auk þess sem skortur á gistingu, hátt verðlag hennar og lélegt tjaldsvæði drógu úr því að menn teldu sig geta mælt með Höfn sem áfangastað.

Hver staður hefur sitt aðráttarafi og afþreyingarkosti. Á Akureyri stóðu upp úr heimsóknir í Lystigarði, Akureyrarkirkju og á kaffihús bæjarins. Í Mývatnssveit nutu göngutúrar, Jarðböðin og útsýnisferðir mestra vinsælda. Á Höfn voru það veitingahúsaferðir og afslöppun en í Borgarnesi verslun, safnaferðir og tækifæri til að rétta úr sér. Þessar niðurstöður ramma raunar inn það sem virðist vera helsti tilgangur heimsókna til þessara staða. Mest fjölbreytni afþreyingar var á Akureyri. Þar og í Mývatnssveit nýttu flestir afþreyingu en mun færri á Höfn og í Borgarnesi. Útgjaldatölur í Mývatnssveit, þar sem langflestir erlendra gesta heimsækja Jarðböðin og í Borgarnesi þar sem flestir heimsækja söfnin, sýna einnig hvað verðlag mikilvægustu afþreyingar skiptir miklu máli í heildarútgjöldum ferðamanna enda er það „...að geta laðað að mikinn fjölda ferðamanna sem lítið skilja eftir sig ekki traustur grunnur fyrir sjálfbærar vöxt...“⁴ (Lester og Weeden, 2004, bls. 43).

⁴ ...being able to attract high numbers of low yield tourists is not a solid foundation for sustainable growth”.

LOKAORÐ

Ferðaþjónusta heimsins er sú grein sem hvað harðast hefur orðið fyrir barðinu á afleiðingum heimsfaraldursins Covid-19 (SP-WTO, e.d.). Í miðri hringiðu faraldursins gáfu stjórnvöld um allan heim út tilmæli og tilskipanir til þegna sinna um takmarkanir á ferðum og var landamærum víða lokað með afleiddum höftum á alþjóðaflug (sjá t.d. Dagný Hulda Erlendsdóttir, 2020, 17.mars; Róbert Jóhannsson. 2020, 12. mars; Ævar Örn Jósefson, 2020; 17. mars). Afleiðingarnar á flug heimsins urðu víðtækar. Sætaframboð á evrópskum flugleiðum féll til að mynda um fast að 90% fyrstu mánuði ársins 2020 (CAPA, 2020). En flest el birtir þó upp um síðir. Undir lok apríl 2020 var farið að hylla undir örlitla aukningu á sætaframboði (CAPA, 2020) og um miðjan maí fóru stjórnvöld fjölmargra ríkja að boða opnun landamæra í mis-varfænum skrefum, þar á meðal voru íslensk stjórnvöld (Stjórnarráðið, 2020, 2. maí).

Opnun landamæra þýðir þó ekki að ferðaþjónusta veraldar falli sjálfkrafa og umsvifalaust í sama farið á ný. Líkt og vikið var að í inngangskafli hefur alþjóðaferðamálaráðið kallað eftir nýrri hugsun við endurbyggingu ferðaþjónustu heimsins (SP-WTO, e.d.). Fleiri hafa orðið til þess að boða nýja tíma í skipulagningu ferðaþjónustu í kjölfar heimsfaraldursins. Nægir þar að nefna samráðsvettvanginn Tourism From Zero sem á íslensku mætti kalla Ferðamennska á byrjunarreit. Það er alþjóðlegur samstarfsvettvangur rannsækenda, fyrirtækja og stofnana sem með söfnun upplýsinga um áhrif kórónufaraldursins á ferðaþjónustu, leita sameiginlegra leiða til úrlausna og uppbyggingar ábyrgar ferðaþjónustu (Tourism from zero, e.d.).

Fyrri áföll heimssögunnar hafa sýnt að ferðaþjónusta hefur jafnan náð að rétta úr kútnum á ný (Hall, Scott og Gössling, 2020; Ioannides og Gyimóthy, 2020). Alþjóðaferðamálaráðið kallar eftir því að virðing fyrir heimsóknarsvæðum og gestum verði í forgrunni við ákvarðanir og að endurskipulagning ferðaþjónustunnar byggji á samvinnu, upplýsingum og þekkingu (SP-WTO, e.d.). Svæðisbundnar kannanir meðal erlendra ferðamanna eru liður í þeirri þekkingarsköpun og niðurstöður þeirra því mikilvæg gögn jafnt fyrir ferðaþjónustuna, stjórnvöld og ekki síst viðkomandi heimsóknarsvæði.

Hér að framan hefur verið gerð grein fyrir helstu niðurstöðum könnunar meðal erlendra ferðamanna á Höfn í Hornafirði sumarið 2019. Í viðauka eru birtar krosstöflur sem sýna svör könnunarinnar út frá bakgrunnsbreytum og reiknaðri marktækt eftir því sem við á. Sumarið 2019 voru ferðavenju- og útgjaldakannanir lagðar fyrir erlenda sumarferðamenn á fjórum stöðum. Í öllum tilfellum var um að ræða endurtekna könnunarstaði. Það sem þessar kannanir sýna er breytileiki heimsóknarsvæða, mikilvægi staðsetningar og þjónustuframboðs.

Kannanir sem þessar verða aldrei algildur sannleikur en þær veita staðbundna innsýn í hvata, hegðun og neyslu erlendra ferðamanna og með þeim fá viðkomandi heimsóknarsvæði mikilvægar vísbendingar um eigin frammistöðu, vísbendingar sem ekki er unnt að fanga á sama hátt í könnunum sem gerðar eru á landsvísu. Á komandi árum mætti dýpka gagnaöflun enn frekar með því að taka einnig viðtöl við erlenda ferðamenn og þar með beita blandaðri rannsóknaraðferð.

Ljóst er þó að þær upplýsingar sem þegar hefur verið aflað með staðbundnum könnunum meðal erlendra sumarferðamanna eru mikilvægt innlegg í þekkingarbrunn íslenskrar ferðaþjónustu. Slík gögn eru gott veganesti fyrir uppbyggingu ferðaþjónustunnar og nýtast jafnt stjórnvöldum sem heimsóknarsvæðum til stefnumörkunar, endurskipulagningar og markaðssetninga. Að auki hafa kannanir frá árinu 2015 skapað góðan gagnagrunn sem veitir tækifæri til dýpri tölfræðilegrar greiningar og grunn fyrir fræðilegar rannsóknir á svæðisbundinni ferðaþjónustu á Íslandi.

HEIMILDIR

- CAPA - Centre for Aviation. (2020). European airline capacity up for the first time in COVID-19 crisis. Sótt 10. maí 2020 af <https://centreforaviation.com/analysis/reports/european-airline-capacity-up-for-the-first-time-in-covid-19-crisis-522843>
- Cristi Frent. (2013). *The Economic Benefits of Tourism in Iceland: Boosting the Icelandic Tourism Satellite Account Development - Icelandic Tourism Satellite Account (TSA) – A Conformity Assessment with United Nations standards for TSA – Part I*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála
- Cristi Frent. (2014a). *The Economic Benefits of Tourism in Iceland: Boosting the Icelandic Tourism Satellite Account Development - Icelandic Tourism Satellite Account (TSA) – A Conformity Assessment with United Nations standards for TSA – Part II*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála
- Cristi Frent. (2014b). *The Economic Benefits of Tourism in Iceland: New Developments for the Icelandic Tourism Satellite Account: Tourism Gross Fixed Capital Formation and Tourism Collective Consumption*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála
- Dagný Hulda Erlendsdóttir. (2020, 17.mars) Leiðtogar ESB samþykktu 30 daga ferðabann. *Ríkisútvarpið*. Sótt 30 mars 2020 af <https://www.ruv.is/frett/leidtogar-esb-samthykktu-30-daga-ferdabann>
- Eyrún Jenný Bjarnadóttir, Arnar Þór Jóhannesson og Guðrún Þóra Gunnarsdóttir. (2015). *Greining á áhrifum ferðaþjónustu og ferðamennsku í einstökum samfélögum Höfn, Mývatnssveit og Siglufjörður*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.
- Ferðamálastofa. (2014). Erlendir ferðamenn á Íslandi 2014. Sótt 14. maí 2020 af https://www.ferdamalastofa.is/static/research/files/2014-12-17_ferdamalastofa_erlendirferdamenn_an_vaka_maskinuskysla_islenska-pdf
- Ferðamálastofa. (e.d. -a). Mælaborð ferðaþjónustunnar. Ferðamenn á Íslandi. Bakgrunnur erlendra ferðamanna á Íslandi. Sótt 7. maí 2020 af <https://www.maelaborðferdathjonustunnar.is/is/ferdamenn-a-islandi/bakgrunnur>
- Ferðamálastofa. (e.d. -b). Ferðamenn um Keflavíkflugvöll. Sótt 19. febrúar 2020 af <https://www.ferdamalastofa.is/is/tolur-og-utgafur/fjoldi-ferdamanna/talningar-ferdamalastofu-i-flugstod-leifs-eirikssonar>
- Ferðamálastofa. (e.d.-c). *Ferðaþjónustan í tölum – sumar 2019*. Sótt 25. febrúar 2020 af <https://www.ferdamalastofa.is/static/files/ferdamalastofa/talnaefni/ferdatjonusa-i-tolum/2019/september/sumar-2019-3.pdf>
- Ferðamálastofa (e.d. – d). Mælaborð ferðaþjónustunnar: Ferðamenn á Íslandi. Dvalarlengd og gistimáti. Sótt 19. apríl 2020 af <https://www.maelaborðferdathjonustunnar.is/is/ferdamenn-a-islandi/dvalarlengd-gistimati>
- Ferðamálastofa. (e.d.-e). Ferðavenjur erlendra ferðamanna. Sótt 18. apríl 2020 af <https://www.ferdamalastofa.is/is/tolur-og-utgafur/kannanir-og-rannsoknir/ferdavenjur-erlendra-ferdamanna>
- Ferðamálastofa. (e.d.f). Mælaborð ferðaþjónustunnar: Ferðamenn á Íslandi, Ánægja með Íslandsferð. Sótt 19. apríl 2020 af <https://www.maelaborðferdathjonustunnar.is/is/ferdamenn-a-islandi/anaegja-med-islandsferd>
- Hall, C. M., Scott, D og Gössling, S. (2020). Panademics, transformations and tourism: be careful what you wish for. *Tourism geographies*, DOI: 10.1080/14616688.2020.1759131
- Hornafjörður. (e.d.) Saga sveitarfélagsins Hornafjarðar. Sótt 3. maí 2020 af <https://www.hornafjordur.is/mannlif/baerinn/saga-hornafjardar/>

- Ioannides D. og Gyimóthy, S. (2020). The COVID-19 crisis as an opportunity for escaping the unsustainable global tourism path. *Tourism Geographies* DOI: 10.1080/14616688.2020.1763445
- Kar, S. S og Ramalingam, A. (2013). Is 30 the magic number? Issues in sample size estimation. *National journal of community medicine* 4(1), 175-179.
- Lester, J.-A. og Weeden, C. (2004). Stakeholders, the natural environment and the future of Caribbean cruise tourism. *International Journal of Tourism Research*, 6(1), 39–50, DOI: 10.1002/jtr.471
- Lilja Berglind Rögnvaldsdóttir. (2016a). *Erlendir gestir á Höfn í Hornafirði 2015*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála
- Lilja Berglind Rögnvaldsdóttir. (2016b). *Erlendir gestir í Mývatnssveit 2015*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála
- Lilja Berglind Rögnvaldsdóttir. (2018a). *Erlendir gestir á Akureyri sumarið 2017: Niðurstöður ferðavenjukönnunar*. Sótt af http://www.rmfi.is/static/research/files/rf_nidurstodur-2017_akureyripdf
- Lilja Berglind Rögnvaldsdóttir. (2018b). *Erlendir gestir í Borgarnesi sumarið 2017: Niðurstöður ferðavenjukönnunar*. Sótt af http://www.rmfi.is/static/research/files/rf_nidurstodur-2017_borgarnespdf
- Lilja Berglind Rögnvaldsdóttir. (2018c). *Erlendir gestir í Mývatnssveit sumarið 2017: Niðurstöður ferðavenjukönnunar*. Sótt af http://www.rmfi.is/static/research/files/rf_nidurstodur-2017_myvatnpdf
- Markaðsstofa Suðurlands. (e.d.) Höfn / Hornafirði. Sótt 3. maí 2020 af <https://www.south.is/is/south/town/hofn>
- Rögnvaldur Guðmundsson. (2019). *Erlendir ferðamenn og hringvegurinn 2010-2018*. Reykjavík: Rannsóknir og ráðgjöf.
- Reichheld, F. F. (2003). The one number you need to grow,” *Harvard Business Review*, 81, (bls.46–54)
- Róbert Jóhannsson. (2020, 12. mars). Bandaríkin loka á flug frá Evrópu í 30 daga. *Ríkisútvarpið*. Sótt 22. mars 2020 af <https://www.ruv.is/frett/bandarikin-loka-a-flug-fra-evropu-i-30-daga>
- Stjórnarráðið (e.d.) Framtíðarsýn og leiðarljós íslenskrar ferðapjónustu til 2030. Sótt 3 mars af <https://www.stjornarradid.is/verkefni/atvinnuvegir/ferdathjonusta/islensk-ferdathjonusta-til-2030/framtidarsyn-og-leidarljós-islenskrar-ferdathjonustu-til-2030/>
- Stjórnarráðið. (2020, 2. maí). Heilbrigðisráðuneytið: Ferðatakmarkanir rýmkaðar í skrefum. Sótt 14. maí 2020 af <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2020/05/12/Ferdatakmarkanir-rymkadar-i-skrefum/>
- SP-DESA Sameinuðu þjóðirnar – Deild efnahags- og félagsþróunar. (2010a). *International Recommendations for Tourism Statistics 2008*. New York: United Nations.
- SP-DESA Sameinuðu þjóðirnar – Deild efnahags- og félagsþróunar. (2010b). *Tourism Satellite Account: Recommended Methodological Framework 2008*. New York: United Nations.
- SP-WTO Sameinuðu þjóðirnar – Alþjóða ferðamálaráðið. (e.d.) COVID-19: Putting people first. Sótt 3. maí 2019 af <https://www.unwto.org/tourism-covid-19>
- Vaske, J. J. (2008). *Survey research and analysis: Application in parks, recreation and human dimensions*. Pennsylvania: Venture Publishing.
- Ævar Örn Jósefsson. (2020, 17. mars). Fámennit í farþegarýminu. *Ríkisútvarpið*. Sótt 23. mars, 2020 af <https://www.ruv.is/frett/famennt-i-farthegaryminu>

VIÐAUKAR

Viðauki 1. Kyn	28
Viðauki 2. Aldursflokkar	28
Viðauki 3. Búsetuland	29
Viðauki 4. Ferðamáti	30
Viðauki 5. Ferðafélagar	31
Viðauki 6. Tilgangur ferðar	32
Viðauki 7. Ákvörðun um heimsókn	32
Viðauki 8. Upplýsingaleit	33
Viðauki 9. Dvalarlengd	34
Viðauki 10. Gistihlutfall	37
Viðauki 11. Gistimáti	35
Viðauki 12. Gisting fyrir heimsókn	36
Viðauki 13. Gisting eftir heimsókn	36
Viðauki 14. Afþreying	37
Viðauki 15. Líkindi meðmæla	38
Viðauki 16. Ánægja með heimsókn	39

Viðauki 1. Kyn

		Kyn			
		Kona	Karl	Fjöldi svara	Marktekt
Allir	Allir	55.3%	44.7%	683	
Aldursflokkar	18-24 ára	56.3%	43.8%	48	A -----
	25-34 ára	59.2%	40.8%	142	B -----
	35-44 ára	56.0%	44.0%	125	C -----
	45-54 ára	54.3%	45.7%	140	D -----
	55-64 ára	49.0%	51.0%	153	E -----
	65 ára og eldri	61.6%	38.4%	73	F -----
Búsetuland	Þýskaland	54.8%	45.2%	146	A -----
	Bandaríkin	54.5%	45.5%	77	B -----
	Frakkland	60.6%	39.4%	94	C ----- G -----
	Ítalía	59.3%	40.7%	54	D ----- G -----
	Spánn	59.5%	40.5%	42	E ----- G -----
	Svíss	54.0%	46.0%	50	F -----
	Holland	33.3%	66.7%	24	G -- C D E -- I -- M --
	Bretland	66.7%	33.3%	12	H -----
	Kanada	66.7%	33.3%	21	I ----- G -----
	Austurríki	50.0%	50.0%	24	J -----
	Pólland	50.0%	50.0%	2	K -----
	Ísrael	40.0%	60.0%	5	L -----
	Belgía	66.7%	33.3%	18	M ----- G -----
	Önnur lönd	50.9%	49.1%	114	N -----
	Gisting	Já	55.3%	44.7%	333
Nei		55.6%	44.4%	342	B --
Dvalarlengd	0-3 klst.	58.4%	41.6%	243	A -----
	3-6 klst.	54.7%	45.3%	64	B -----
	6-12 klst.	51.2%	48.8%	41	C -----
	12-24 klst.	50.5%	49.5%	222	D ----- G
	24-48 klst.	56.2%	43.8%	73	E -----
	3-4 daga	50.0%	50.0%	10	F -----
	5 daga +	100.0%	0.0%	4	G --- D ---
Meðmæli	Hvetjendur	58.0%	42.0%	219	A -- C
	Hlutlausir	50.8%	49.2%	118	B ---
	Letjendur	40.0%	60.0%	40	C A --
Ánægja	Ánægð	54.9%	45.1%	570	A ---
	Hlutlaus	54.8%	45.2%	31	B ---
	Óánægð	0.0%	100.0%	1	C ---

Viðauki 2. Aldursflokkar

		Aldursflokkar							Fjöldi svara	Marktekt
		18-24 ára	25-34 ára	35-44 ára	45-54 ára	55-64 ára	65 ára og eldri			
Allir	Allir	7.2%	21.0%	18.2%	20.5%	22.3%	10.7%	691		
Kyn	Konur	7.2%	22.3%	18.6%	20.2%	19.9%	11.9%	377	A --	
	Karlar	6.9%	19.1%	18.1%	21.1%	25.7%	9.2%	304	B --	
Búsetuland	Þýskaland	11.6%	21.1%	8.2%	16.3%	29.9%	12.9%	147	A - B - - E F - - - J - - - N	
	Bandaríkin	2.6%	16.9%	15.6%	20.8%	19.5%	24.7%	77	B A - - - - - - - - N	
	Frakkland	10.3%	16.5%	19.6%	22.7%	19.6%	11.3%	97	C - - - - - - - - -	
	Ítalía	1.9%	24.1%	16.7%	18.5%	24.1%	14.8%	54	D - - - - - - - - -	
	Spánn	4.8%	28.6%	23.8%	21.4%	16.7%	4.8%	42	E A - - - - - - - - -	
	Svíss	8.0%	16.0%	26.0%	24.0%	20.0%	6.0%	50	F A - - - - - - - - -	
	Holland	8.0%	20.0%	16.0%	28.0%	28.0%	0.0%	25	G - - - - - - - - -	
	Bretland	15.4%	23.1%	23.1%	15.4%	15.4%	7.7%	13	H - - - - - - - - -	
	Kanada	14.3%	23.8%	23.8%	14.3%	14.3%	9.5%	21	I - - - - - - - - -	
	Austurríki	8.3%	16.7%	29.2%	16.7%	29.2%	0.0%	24	J A - - - - - - - - -	
	Pólland	0.0%	0.0%	50.0%	50.0%	0.0%	0.0%	2	K - - - - - - - - -	
	Ísrael	20.0%	20.0%	20.0%	0.0%	20.0%	20.0%	5	L - - - - - - - - -	
	Belgía	5.3%	31.6%	15.8%	26.3%	21.1%	0.0%	19	M - - - - - - - - -	
	Önnur lönd	2.6%	24.3%	23.5%	23.5%	19.1%	7.0%	115	N A B - - - - - - - -	
	Gisting	Já	9.5%	19.9%	17.5%	22.0%	22.3%	8.9%	337	A --
Nei		5.2%	22.0%	18.8%	19.4%	22.6%	11.9%	345	B --	
Dvalarlengd	0-3 klst.	5.3%	22.4%	19.6%	17.1%	23.7%	11.8%	245	A ----- G	
	3-6 klst.	6.3%	18.8%	20.3%	20.3%	18.8%	15.6%	64	B ----- G	
	6-12 klst.	4.7%	30.2%	18.6%	20.9%	18.6%	7.0%	43	C ----- G	
	12-24 klst.	9.8%	17.9%	16.5%	23.7%	21.9%	10.3%	224	D ----- G	
	24-48 klst.	8.1%	21.6%	17.6%	21.6%	24.3%	6.8%	74	E -----	
	3-4 daga	0.0%	10.0%	20.0%	40.0%	20.0%	10.0%	10	F -----	
	5 daga +	50.0%	50.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	4	G A B C D ---	
Meðmæli	Hvetjendur	9.1%	19.1%	17.7%	24.1%	18.2%	11.8%	220	A ---	
	Hlutlausir	6.6%	30.6%	16.5%	19.0%	22.3%	5.0%	121	B ---	
	Letjendur	17.1%	29.3%	12.2%	17.1%	22.0%	2.4%	41	C ---	
Ánægja	Ánægð	7.1%	21.4%	18.6%	20.3%	21.7%	10.8%	575	A ---	
	Hlutlaus	18.8%	25.0%	12.5%	18.8%	21.9%	3.1%	32	B ---	
	Óánægð	50.0%	50.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	2	C ---	

Viðauki 3. Búsetuland

		Hvert er búsetuland þitt?																														
		Astralía /Nýja Sjáland	Austurríkí	Eystra-salts-lönd	Belgía	Kanada	Kína	Dan-mörk	Finn-land	Frakk-land	Þýska-land	Hong Kong	Indland	Írland	Ísrael	Ítalía	Japan	Holland	Noregur	Pólland	Rúss-land	Singapúr	S-Kórea	Spánn	Svíþjóð	Sviss	Tævan	Stóra Bret-land	Banda-rikin	Önnur lönd	Fjöldi svara	Marktekkt
Allir	Allir	1.6%	3.5%	0.3%	2.7%	3.0%	1.4%	2.7%	0.3%	14.0%	21.4%	0.6%	0.1%	0.1%	0.7%	7.8%	0.4%	3.6%	0.1%	0.3%	0.6%	0.4%	0.0%	6.2%	1.2%	7.2%	0.6%	2.0%	11.1%	5.6%	691	
Kyn	Konur	1.9%	3.2%	0.5%	3.2%	3.7%	0.5%	3.2%	0.5%	15.2%	21.3%	0.8%	0.0%	0.3%	0.5%	8.5%	0.3%	2.1%	0.0%	0.3%	0.5%	0.3%	0.0%	6.6%	0.8%	7.2%	0.5%	2.1%	11.2%	4.8%	376	A --
	Karlar	1.3%	3.9%	0.0%	2.0%	2.3%	2.6%	2.0%	0.0%	12.2%	21.7%	0.3%	0.3%	0.0%	1.0%	7.2%	0.7%	5.3%	0.3%	0.3%	0.7%	0.7%	0.0%	5.6%	1.6%	7.6%	0.7%	1.3%	11.5%	6.9%	304	B --
Aldurs-flokkar	18-24 ára	0.0%	4.0%	0.0%	2.0%	6.0%	0.0%	0.0%	0.0%	20.0%	34.0%	0.0%	0.0%	0.0%	2.0%	2.0%	0.0%	4.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	4.0%	2.0%	8.0%	0.0%	4.0%	4.0%	4.0%	50	A -----
	25-34 ára	1.4%	2.8%	0.0%	4.2%	3.5%	0.7%	2.1%	1.4%	11.1%	21.5%	0.0%	0.0%	0.0%	0.7%	9.0%	0.0%	3.5%	0.7%	0.0%	1.4%	0.7%	0.0%	8.3%	2.1%	5.6%	0.7%	2.1%	9.0%	7.6%	144	B -----
	35-44 ára	1.6%	5.6%	0.8%	2.4%	4.0%	2.4%	1.6%	0.0%	15.1%	9.5%	0.8%	0.0%	0.8%	0.8%	7.1%	0.0%	3.2%	0.0%	0.8%	0.0%	0.8%	0.0%	7.9%	1.6%	10.3%	0.8%	2.4%	9.5%	10.3%	126	C -----
	45-54 ára	0.7%	2.8%	0.0%	3.5%	2.1%	2.8%	2.8%	0.0%	15.5%	16.9%	2.1%	0.7%	0.0%	0.0%	7.0%	1.4%	4.9%	0.0%	0.7%	1.4%	0.0%	0.0%	6.3%	0.7%	8.5%	1.4%	1.4%	11.3%	4.9%	142	D -----
	55-64 ára	3.3%	4.6%	0.7%	2.6%	2.0%	0.7%	3.9%	0.0%	12.5%	28.9%	0.0%	0.0%	0.0%	0.7%	8.6%	0.7%	4.6%	0.0%	0.0%	0.0%	0.7%	0.0%	4.6%	0.7%	6.6%	0.0%	1.3%	9.9%	2.6%	152	E -----
	65 ára og eldri	1.4%	0.0%	0.0%	0.0%	2.7%	1.4%	5.4%	0.0%	14.9%	25.7%	0.0%	0.0%	0.0%	1.4%	10.8%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	2.7%	0.0%	4.1%	0.0%	1.4%	25.7%	2.7%	74	F -----
Gisting	Já	2.4%	3.9%	0.0%	3.6%	4.2%	1.2%	3.3%	0.3%	12.5%	20.6%	0.6%	0.0%	0.3%	1.2%	7.2%	0.0%	3.9%	0.0%	0.6%	0.0%	0.3%	0.0%	6.3%	1.5%	8.4%	0.9%	2.1%	9.9%	5.1%	335	A --
	Nei	0.9%	3.2%	0.6%	2.0%	2.0%	1.7%	2.3%	0.3%	14.7%	22.8%	0.6%	0.3%	0.0%	0.3%	8.1%	0.9%	3.5%	0.3%	0.0%	1.2%	0.6%	0.0%	6.3%	0.9%	6.3%	0.3%	1.7%	12.1%	6.3%	347	B --
Dvalar-lengd	0-3 klst.	0.8%	3.6%	0.8%	1.6%	0.8%	0.8%	2.4%	0.0%	16.5%	21.8%	0.8%	0.0%	0.0%	0.4%	9.7%	0.4%	4.0%	0.4%	0.0%	1.2%	0.4%	0.0%	6.9%	0.8%	6.5%	0.0%	1.6%	10.5%	7.3%	248	A -----
	3-6 klst.	1.6%	1.6%	0.0%	3.2%	7.9%	3.2%	3.2%	1.6%	11.1%	25.4%	0.0%	0.0%	0.0%	1.6%	1.6%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	1.6%	0.0%	3.2%	0.0%	6.3%	1.6%	4.8%	15.9%	4.8%	63	B -----
	6-12 klst.	0.0%	2.3%	0.0%	2.3%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	18.6%	23.3%	0.0%	2.3%	0.0%	0.0%	11.6%	2.3%	2.3%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	9.3%	4.7%	9.3%	0.0%	2.3%	9.3%	0.0%	43	C -----
	12-24 klst.	3.2%	3.2%	0.0%	3.2%	4.5%	2.3%	3.6%	0.5%	12.6%	18.5%	0.9%	0.0%	0.5%	0.9%	7.2%	0.0%	3.2%	0.0%	0.5%	0.0%	0.5%	0.0%	7.2%	0.0%	8.6%	1.4%	1.8%	12.2%	4.1%	222	D ----- F-
	24-48 klst.	1.4%	1.4%	0.0%	6.8%	4.1%	1.4%	4.1%	0.0%	10.8%	29.7%	0.0%	0.0%	0.0%	1.4%	5.4%	0.0%	4.1%	0.0%	1.4%	0.0%	0.0%	0.0%	1.4%	2.7%	5.4%	0.0%	1.4%	9.5%	8.1%	74	E -----
	3-4 daga	0.0%	10.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	10.0%	10.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	30.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	10.0%	10.0%	0.0%	10.0%	0.0%	10.0%	10	F --- D---
	5 daga +	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	25.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	50.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	25.0%	4	G -----
Meðmæli	Hvetjendur	0.9%	2.7%	0.0%	2.3%	2.3%	1.4%	4.6%	0.5%	15.5%	22.4%	0.5%	0.0%	0.0%	0.0%	6.8%	0.5%	4.6%	0.0%	0.0%	0.0%	0.9%	0.0%	6.8%	1.4%	8.2%	0.9%	2.7%	8.2%	5.9%	219	A ---
	Hlutlausir	2.5%	5.0%	0.8%	3.3%	1.7%	0.8%	4.1%	0.8%	20.7%	22.3%	0.8%	0.0%	0.0%	0.0%	5.0%	0.8%	5.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	8.3%	1.7%	8.3%	0.0%	1.7%	5.0%	1.7%	121	B ---
	Letjendur	2.3%	9.1%	0.0%	2.3%	2.3%	0.0%	2.3%	0.0%	15.9%	27.3%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	2.3%	0.0%	6.8%	2.3%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	4.5%	2.3%	13.6%	0.0%	6.8%	0.0%	0.0%	44	C ---
Ánægja	Ánægð	1.2%	3.3%	0.2%	2.8%	3.3%	1.7%	3.0%	0.3%	15.5%	19.8%	0.5%	0.2%	0.2%	0.7%	8.0%	0.5%	3.1%	0.2%	0.3%	0.5%	0.5%	0.0%	6.4%	1.2%	6.4%	0.7%	2.4%	11.1%	5.7%	575	A ---
	Hlutlaus	6.3%	9.4%	3.1%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	6.3%	25.0%	3.1%	0.0%	0.0%	0.0%	3.1%	0.0%	12.5%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	3.1%	3.1%	12.5%	0.0%	0.0%	9.4%	3.1%	32	B ---
	Óánægð	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	50.0%	0.0%	50.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	2	C ---

Viðauki 4. Ferðamáti

		Hvernig ferðaðist þú til staðarins?											Fjöldi svara
		Rúta - hóperð	Rúta - áætlun	Bílaeigu-bíll	Einkabíll	Leigubíll	Reiðhjól	Innanlandsflug	Einkaþota /þrylflug	Mótorhjól	Puttaferðalag	Annað	
Allir	Allir	11,8%	1,9%	76,4%	3,9%	0,0%	1,0%	0,0%	0,1%	0,6%	1,3%	4,3%	694
Kyn	Konur	14,6%	1,3%	75,4%	2,4%	0,0%	0,8%	0,0%	0,0%	0,3%	1,1%	6,1%	378
	Karlar	8,9%	2,3%	78,4%	4,9%	0,0%	1,3%	0,0%	0,0%	1,0%	1,3%	2,3%	305
Aldursflokkar	18-24 ára	2,0%	2,0%	72,0%	8,0%	0,0%	4,0%	0,0%	0,0%	0,0%	12,0%	0,0%	50
	25-34 ára	4,8%	1,4%	85,5%	3,4%	0,0%	2,8%	0,0%	0,0%	0,7%	0,7%	2,1%	145
	35-44 ára	5,6%	0,8%	87,3%	3,2%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,8%	3,2%	126
	45-54 ára	7,0%	0,7%	85,9%	2,8%	0,0%	0,7%	0,0%	0,0%	0,7%	0,0%	2,8%	142
	55-64 ára	17,5%	3,9%	67,5%	5,2%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	1,3%	0,0%	6,5%	154
	65 ára og eldri	40,5%	2,7%	41,9%	2,7%	0,0%	0,0%	0,0%	1,4%	0,0%	1,4%	12,2%	74
Búsetuland	Þýskaland	14,2%	3,4%	68,9%	8,8%	0,0%	0,7%	0,0%	0,0%	0,7%	1,4%	2,7%	148
	Bandaríkin	16,9%	1,3%	77,9%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	3,9%	77
	Frakkland	10,3%	3,1%	69,1%	3,1%	0,0%	2,1%	0,0%	1,0%	1,0%	3,1%	11,3%	97
	Ítalía	24,1%	1,9%	70,4%	0,0%	0,0%	1,9%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	1,9%	54
	Spánn	14,0%	0,0%	81,4%	0,0%	0,0%	2,3%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	4,7%	43
	Sviss	4,0%	2,0%	90,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	2,0%	0,0%	2,0%	50
	Holland	0,0%	0,0%	84,0%	12,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	4,0%	0,0%	0,0%	25
	Bretland	0,0%	0,0%	100,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	14
	Kanada	4,8%	0,0%	85,7%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	4,8%	9,5%	21
	Austurríki	4,2%	0,0%	87,5%	4,2%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	4,2%	24
	Pólland	0,0%	0,0%	100,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	2
	Ísrael	0,0%	0,0%	100,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	5
	Belgía	5,3%	0,0%	89,5%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	5,3%	19
	Önnur lönd	12,2%	1,7%	73,9%	6,1%	0,0%	1,7%	0,0%	0,0%	0,0%	2,6%	3,5%	115
	Gistihlutfall	Já	5,0%	2,7%	79,2%	4,7%	0,0%	1,5%	0,0%	0,0%	0,9%	1,5%	5,0%
Nei		18,1%	0,6%	74,7%	3,2%	0,0%	0,6%	0,0%	0,3%	0,3%	1,1%	3,2%	348
Dvalarlengd	0-3 klst.	22,6%	0,4%	71,8%	2,4%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,4%	0,4%	3,6%	248
	3-6 klst.	6,3%	1,6%	79,7%	4,7%	0,0%	3,1%	0,0%	0,0%	0,0%	3,1%	4,7%	64
	6-12 klst.	4,7%	0,0%	86,0%	2,3%	0,0%	4,7%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	2,3%	43
	12-24 klst.	7,6%	2,7%	75,9%	4,9%	0,0%	0,9%	0,0%	0,0%	1,3%	1,8%	5,8%	224
	24-48 klst.	1,4%	1,4%	83,8%	6,8%	0,0%	1,4%	0,0%	0,0%	0,0%	1,4%	4,1%	74
	3-4 daga	0,0%	10,0%	80,0%	10,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	10
	5 daga +	0,0%	50,0%	50,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	4
Meðmæli	Hvetjendur	11,4%	2,3%	73,2%	4,5%	0,0%	0,9%	0,0%	0,0%	0,9%	1,4%	5,9%	220
	Hlutlausir	8,3%	0,8%	80,2%	4,1%	0,0%	2,5%	0,0%	0,0%	1,7%	0,0%	2,5%	121
	Letjendur	0,0%	0,0%	84,1%	11,4%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	2,3%	4,5%	44
Ánægja	Ánægð	11,9%	1,4%	76,8%	3,5%	0,0%	1,2%	0,0%	0,2%	0,7%	1,0%	4,3%	578
	Hlutlaus	9,4%	0,0%	68,8%	9,4%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	9,4%	3,1%	32
	Óánægð	0,0%	0,0%	50,0%	50,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	2

Marktekt er ekki reiknuð þegar svarendur geta merkt við fleiri en einn svarmöguleika

Viðauki 5. Ferðafélagar

		Með hverjum ferðast þú?										
		Ein/-n á ferð	Maki	Börn yngri en 13 ára	Börn 13-17 ára	Börn eldri en 18 ára	Aðrir fjölskyldu-meðlimir	Vinir	Vinnu-/viðskiptafélagar	Hópförð	Aðrir	Fjöldi svara
Allir	Allir	5.9%	64.6%	9.8%	8.8%	8.6%	10.7%	15.1%	0.3%	7.9%	0.1%	694
Kyn	Konur	5.6%	60.8%	7.7%	7.7%	7.1%	11.4%	17.5%	0.5%	9.3%	0.0%	378
	Karlar	6.6%	69.5%	12.1%	10.2%	9.8%	9.5%	12.1%	0.0%	6.6%	0.3%	305
Aldursflokkar	18-24 ára	14.0%	26.0%	4.0%	2.0%	6.0%	38.0%	20.0%	0.0%	4.0%	2.0%	50
	25-34 ára	6.2%	60.7%	3.4%	0.7%	4.1%	12.4%	22.1%	0.7%	2.1%	0.0%	145
	35-44 ára	7.9%	71.4%	22.2%	8.7%	0.8%	7.1%	17.5%	0.0%	3.2%	0.0%	126
	45-54 ára	1.4%	73.2%	18.3%	27.5%	18.3%	12.7%	10.6%	0.7%	5.6%	0.0%	142
	55-64 ára	3.9%	64.3%	1.9%	3.9%	12.3%	5.2%	13.0%	0.0%	16.2%	0.0%	154
	65 ára og eldri	9.5%	70.3%	4.1%	2.7%	5.4%	2.7%	6.8%	0.0%	17.6%	0.0%	74
Búsetuland	Þýskaland	6.8%	62.8%	1.4%	6.1%	10.8%	10.1%	15.5%	0.0%	12.2%	0.0%	148
	Bandaríkin	3.9%	72.7%	9.1%	13.0%	10.4%	9.1%	13.0%	0.0%	9.1%	0.0%	77
	Frakkland	6.2%	60.8%	13.4%	8.2%	6.2%	15.5%	10.3%	1.0%	8.2%	0.0%	97
	Ítalía	13.0%	55.6%	9.3%	5.6%	0.0%	7.4%	16.7%	0.0%	14.8%	0.0%	54
	Spánn	2.3%	67.4%	14.0%	2.3%	4.7%	9.3%	14.0%	0.0%	7.0%	0.0%	43
	Swiss	4.0%	74.0%	20.0%	18.0%	10.0%	4.0%	10.0%	0.0%	6.0%	0.0%	50
	Holland	4.0%	68.0%	0.0%	8.0%	20.0%	12.0%	8.0%	0.0%	0.0%	0.0%	25
	Bretland	0.0%	57.1%	14.3%	14.3%	14.3%	21.4%	28.6%	0.0%	0.0%	0.0%	14
	Kanada	0.0%	57.1%	9.5%	0.0%	9.5%	23.8%	38.1%	0.0%	4.8%	0.0%	21
